

Sjálfseignarstofnunin

# HANDVERK OG HÖNNUN

Ársskýrsla

2009

## Inngangur

Leiðarljós allrar starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru þau markmið sem sett voru á stofnfundi í janúar 2007. Þau eru eftirfarandi:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

## Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður, Birta Flókadóttir, varaformaður, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir og Halla Bogadóttir, meðstjórnendur.

Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir.

Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóra Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þær eru báðar í 100 % starfi. Um færslu á bókhaldi sér Sveinbjörn Bjarnason bókari og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun. HANDVERK OG HÖNNUN er með skrifstofur í Aðalstræti 10.

## Fjármagn

Það fjármagn sem HANDVERKI OG HÖNNUN var úthlutað af fjárlaganefnd í árslok 2008 til starfseminnar 2009 var 17.5 M. Það voru umtalsvert minni fjármunir sem verkefnið hafði haft á tímabilinu 2002-2006. Árið 2006 hafði HANDVERK OG HÖNNUN 18.1 M framlag frá ríkinu sem skiptist milli fjögurra ráðuneyta. Stofnunin hefur undanfarin ár notið velvildar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og sótt var um styrk til þeirra fyrir árið 2009. Sjóðurinn sá sér ekki fært að styrkja starfseminna árið 2009.

HANDVERK OG HÖNNUN fékk verkefnastykk frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins vegna sýningarinnar „Einu sinni er“ sem fór um allt land. Verslunin Kraum keypti auglýsingu í kynningarbækling sem dreift var í tengslum við sýningu í Ráðhúsinu 2009 og Samtök iðnaðarins styrktu Skúlaverðlaunin 2009 með framlagi. Það hefur verið markmið stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá upphafi að hafa þátttökugjöld í hinum ýmsu verkefnum hófleg en vegna þröngrar fjárhagsstöðu síðustu ár hafa þau hækkað töluvert.

## Stjórnarfundir

Haldnir voru þrjár formlegir stjórnarfundir á árinu 2009, þann 16. febrúar, 27. mars og 13. nóvember. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í reglulegu sambandi við skrifstofuna utan þessara formlegra funda.

## Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Ekki var haldinn ráðgjafahópsfundur haustið 2009 eins og áætlað var. Áætlað er að ráðgjafafundur verði haldinn í byrjun árs 2010. Stórt nýsköpunarverkefni var í framkvæmd á árinu 2009 sem kom fram sem tillaga á ráðgjafafundi árið 2008. Ráðgjafafundirnir eru mikilvægur vettvangur sem tengir starfsfólk og stjórn HANDVERK OG HÖNNUNAR við grasrótina. Þar að auki gerir HANDVERK OG HÖNNUN skoðanakannanir hjá þátttakendum í tengslum við ýmis verkefni.

## Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2009:

- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR – endurgerð.
- Fréttabréf 7-8 fréttabréf á mánuði.
- Ráðgjöf og fræðsla.
- Farandsýningin Einu sinni er. Sýningin var fyrst sett upp í Safnasafninu - Svalbarðseyri, Edinborgarhúsinu - Ísafirði, Nýja sláturhúsinu - Egilsstöðum, Safnahúsinu - Sauðárkróki, Listasafni Árnesinga – Hveragerði, Norræna húsinu – Reykjavík
- Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi 2009 var samvinnuverkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR og safnsins.
- Sýningar á skörinni, Aðalstræti 10, þrettán sýningar.
- Jólásýning í Fógetastofunum, Aðalstræti 10, desember 2009.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri.
- Bók um handverk og hönnun, undirbúningur
- Erlent samstarf.
- Ferða – og verkefnasjóður.
- Sérstakt kynningarstarf

## Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíðan [www.handverkoghonnun.is](http://www.handverkoghonnun.is) er í stöðugri þróun og á árinu 2009 var nýtt útlit og skipulag kynnt. Á heimasíðunni eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Virk vefmæling hefur verið gerð á síðunni í nokkur ár og þar kemur í ljós að umferð á síðuna er mikil og eykst stöðugt. Að meðaltali voru það tæplega 4.300 heimsóknir síðuna á mánuði og síðuflettingar tæplega 32.000 á mánuði árið 2009, *sjá fylgiskjal 1*. Um 900 hundruð manns hafa skráð sig á póstlista heimasíðunnar og fá reglulega fréttir af starfsemi.

Heimasíðan er á íslensku og ensku. Flest verkefni og viðburðir á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru kynntir sérstaklega á heimasíðunni. Í gagnabanka eru kynntir einstaklingar sem stunda handverk, listiðnað og hönnun. Listamaður mánaðarins er kynntur sérstaklega á forsíðu. Allir sem valdir hafa verið á sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn, aðrir verða sækja um það sérstaklega, og valnefnd metur þær umsóknir. HANDVERK OG HÖNNUN safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðunni eru umfangsmiklar upplýsingar um styrki, skóla, nám og

ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, héraendis og erlendis. Heimasíðan er starfseminni mjög mikilvæg.

## Fréttabréf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út FRÉTTABRÉF frá stofnun 1994. Fréttabréfinu var breytt 1999 þá var það minnkað og sent endurgjaldslaust til tæplega 1400 aðila 2-4 sinnum á ári. Öll fréttabréfin eru aðgengileg á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Prentun á fréttabréfum var hætt 2007 þar sem kostnaður var of mikill bæði við prentun og dreifingu og mikil þörf fyrir tíðari fréttir. Nú eru fréttir sendar í tölvupósti yfirleitt 6 – 8 sinnum í mánuði.

## Ráðgjöf og fræðsla

Á þessu þriðja starfsári nýrrar sjálfseignarstofnunar var töluverð eftirspurn um alls kyns ráðgjöf úti á landi eins og verið hefur undanfarin ár. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Oftast er beðið um innlegg/fyrirlestur og svo persónulega ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Fundað var á nokkrum stöðum á árinu 2009 t.d. hjá Þekkingarneti Austurlands. Þar var innlegg frá HANDVERKI OG HÖNNUN hluti af stærra námskeiði sem Þekkingarnetið stóð fyrir. Fulltrúi frá HANDVERKI OG HÖNNUN tók þátt í velja minjagripa úr innsendum samkeppnistillögum sem Melrakkasetur Íslands á Súðavík stóð fyrir. Umtalsverð ráðgjöf og móttaka fjölbreyttra hópa fer einnig fram á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík. Fræðslufundur í Norræna húsinu var haldinn 9. mars 2009. Fengnir voru þrír fyrirlesarar. Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, keramikhönnuður og auglýsingarteiknari sýndi gerð umsókna, Hrafnhildur Sigurðardóttir, veflistakona og myndlistarmaður var með fyrirlestur um gerð styrkumsókna og Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafnsins ræddi varðveislustefnu safnsins, söfnun gagna og mikilvægi þess að halda utan um skráningu á eigin verkum.

## Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2009

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar. Sýningarnar frá upphafi eru rúmlega sextíu og sýnendur/þátttakendur eru um fjögur hundruð, víðs vegar af landinu *sjá fylgiskjal 2*. Sýningar hafa verið rúmlega þrjátíu í Reykjavík og nágrenni og tæplega þrjátíu á landsbyggðinni og þrjár erlendis. HANDVERK OG HÖNNUN hefur frá stofnun lagt mikinn metnað í að starfa um allt land þó skrifstofurnar hafi alltaf verið í Reykjavík. Í öllu sýningarstarfi hefur þess verið gætt að skrásetja og safna upplýsingum um sýningarnar og þá listmuni sem til sýnis eru hverju sinni. Meðal annars með því að fá atvinnuljósmýndara til að mynda flest verkin. Þessi gögn eru varðveitt hjá HANDVERKI OG HÖNNUN.

Á heimasíðunni er hægt að skoða myndir og fá upplýsingar um sýnendur á öllum sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Smám saman er að verða til mikið gagnasafn um þróun handverks og listiðnaðar í landinu sem er mjög dýrmætt. Valnefnd er skipuð fyrir hverja sýningu og þessar valnefndir gegna mikilvægu hlutverki í gæðastarfi stofnunarinnar. Valnefndir hafa verið skipaðar fagfólki með fjölbreytta þekkingu *sjá fylgiskjal 3*. Sýningarmunir eru valdir nafnlaust svo að allir, burtséð frá menntun og bakgrunni, hafi jafna möguleika *sjá fylgiskjal 4*. Þetta skiptir miklu máli, ekki síst fyrir hinn dreifða hóp handverks- og listiðnaðarfólks sem vinnur utan höfuðborgarsvæðisins.

## Sýningin: Einu sinni er

Sýningin „Einu sinni er“ var stærsta verkefni ársins 2009. Hugmyndin að sýningunni varð til á ráðgjafafundi hjá HANDVERKI OG HÖNNUN í maí 2008. Það eru fundir þar sem stjórn og starfsmenn stofnunarinnar hitta fulltrúa grasrótarið. Hugmyndin var að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar með því að stefna saman tveimur ólíkum listamönnum. Tólf einstaklingar voru valdir af HANDVERKI OG HÖNNUN og hver þeirra valdi sér samstarfsaðila. Lagt var til að hver einstaklingur veldi sér samstarfsaðila af öðru sviði og af annarri kynslóð. Þetta var þó ekki gert að skilyrði. Þema sýningarinnar var „gamalt og nýtt“ sem valið var í samvinnu við hópinn og á sýningunni voru sýndir fjölmargir nýir áhugaverðir nytjahlutir sem unnir voru af þessum tólf þörum.

Þátttakendur voru Anna Guðmundsdóttir og Tinna Gunnarsdóttir, George Hollanders og Guðrún Á. Steingrímsdóttir, Guðbjörg Káradóttir og Frosti Gnarr, Guðný Hafsteinsdóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, Inga Rúnarsdóttir Bachmann og Stefán Svan Aðalheiðarson, Lára Gunnarsdóttir og Sigríður Erla Guðmundsdóttir, Lára Vilbergsdóttir og Fjöltnir Björn Hlynsson, Ólöf Einarsdóttir og Sigrún Ólöf Einarsdóttir, Páll Garðarsson og Margrét Jónsdóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir og Birna Júlíusdóttir, Sigríður Ásta Árnadóttir og Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Þorbergur Halldórsson og Ari Svavarsson.

### Sýningin var sett upp á eftirfarandi stöðum:

**Safnasafninu á Svalbarðsströnd 4. - 13. apríl 2009**


**Edinborgarhúsinu, Ísafirði 22. júlí - 9. ágúst 2009**

**Sláturhúsinu, Egilsstöðum 15. - 2. september 2009**

**Safnahúsinu, Sauðárkróki 18. - 28. september 2009**

**Listasafni Árnesinga, Hveragerði 8. október - 6. desember 2009**

**Norræna húsinu, Reykjavík 12. desember - 17. janúar 2010**



Frá sýningunni „Einu sinni er“ í Listasafni Árnesinga, Hveragerði

Sýningardagar þessarar sýningar eru því samtals 144 og gestir nokkur þúsund. Þetta ferðalag var töluvert kostnaðarsamt og án velvilja Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins sem eru sérstakir styrktaraðilar sýningarinnar hefði þetta ekki tekist. Stuðningur þeirra er stofnuninni mikils virði. Bæklingur var gefin út í tengslum við sýninguna *sjá fylgiskjal nr. 5*. Þetta stóra verkefni fellur vel að meginmarkmiðum HANDVERKS OG HÖNNUNAR sem er að auka skilning á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks með fjölbreyttri kynningarstarfsemi um allt land og að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.

### Sýningin: „hring eftir hring“

Sýningin „hring eftir hring“ var samvinnuverkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR og Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi. Markmiðið með þessu verkefni var að vekja athygli á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi og þeim mikla menningararfi íslenskra kvenna sem þar er geymdur og alltof fáir hafa séð og notið. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi er eina safn sinnar tegundar á Íslandi. Munir safnsins mynda nokkrar ólíkar og sjálfstæðar sýningar auk þess sem ný sýning textíllistafólks er opnuð á hverju ári.



Verk Rósu Helgadóttur á sýningunni „hring eftir hring“ á Heimilisiðnaðarsafninu, Blönduósi

Hugmyndin að sýningunni varð til í tengslum við 135 ára árstíð Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981), sem var árið 2008. Í tilefni af 135 ára fæðingarársmæli Halldóru á sl. ári var haldið málþing þar sem fjallað var um nokkra þætti úr lífi og starfi Halldóru sem tengjast umbreytingu á hlutverki og menningu kvenna á Íslandi á síðustu öld. Einnig var ákveðið að í samvinnu við HANDVERK OG HÖNNUN að bjóða textíllistafólki að taka þátt í að vinna listmuni sem hefðu beina skírskotun til þessa efnis og Heimilisiðnaðarsafnsins. Sumarsýning safnsins 2009 var afrakstur þeirrar vinnu. HANDVERK OG HÖNNUN sá um að velja sýnendur og Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR var sýningarstjóri. Valdar voru þrjár ólíkar listakonur þær Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Kristveig Halldórsdóttir og Rósa Helgadóttir. Öll verkin sem þær unnu höfðu beina skírskotun til Halldóru Bjarnadóttur og Heimilisiðnaðarsafnsins og voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Farnar voru þrjár vinnuferðir norður á Blönduós í undirbúningsferlinu. Sýningin opnaði síðan 1. júní 2009 og stóð til 31. ágúst. Sýningin er í safninu fram á árið 2010 og er opin samkvæmt samkomulagi þar til vinna við næstu sumarsýningu hefst. Rúmlega 3000 þúsund manns sáu sýninguna sumarið 2009. Bæklingur var gefin út í tengslum við sýninguna *sjá fylgiskjal nr. 6*.

### Sýningar á skörinni

Á skörinni er lítill sýningarsalur í Aðalstræti 10. Skipulagðar voru 13 sýningar á skörinni frá 30. janúar til 22. nóvember 2009.

29. janúar til 17. febrúar, Líska K. Guðjónsdóttir, steinfiskar  
 19. febrúar til 10. mars, Anna María Lind, vefnaður  
 13. mars til 31. mars, Katrín Jóhannesdóttir, fatahönnun  
 2. apríl til 28. apríl, Unnur Gröndal, leirlist  
 30. apríl til 18. maí, Nadine C. Martin, glerlist  
 20. maí til 9. júní, Guðrún Indriðadóttir, leirlist  
 10. júní til 16. júní, Bettina Andersen, textílhönnun  
 18. júní til 7. júlí, Katrín Pálsdóttir, glerlist  
 9. júlí til 28. júlí, Jóna Birna Óskarsdóttir, leirlist  
 13. ágúst til 1. september, Helga Björg, blönduð tækni  
 3. september til 22. september, Philippe Ricart, vefnaður  
 24. september til 19. október, Reynir Sveinsson, trélist  
 22. október til 22. nóvember, Sigurður Már Helgason, húsgagnahönnun

### Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2009

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR „Allir fá þá eitthvað fallett...” hefur verið haldin á hverju ári frá 1999. Reykjavíkurborg lánaði stofnuninni Fógetastofurnar sem eru á neðri hæð Aðalstrætis 10 í desember 2009. Á sýningunni sýndu 33 aðilar fjölbreytt verk. Sýningin stóð frá byrjun desember til jóla. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda og aðsókn hefur verið mjög góð og er óhætt að segja að jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafi skipað sér fastan sess í jólaundirbúningi landsmanna.



Hvít jól eftir Margréti Jónsdóttur af jólasýningunni

### Ráðhús Reykjavíkur – kynning 2009

Undanfarin fjögur ár hefur HANDVERK OG HÖNNUN staðið fyrir umfangsmikilli kynningu á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þessar kynningar hafa staðið í fjóra daga og fara þannig fram að listafólkið sjálf er á staðnum til að kynna vörur sínar. Í ljósi mikillar ánægju þátttakenda sem fram hefur komið í viðhorfakönnunum og góðrar aðsóknar hefur verið ákveðið að kynning af þessu tagi verði árviss viðburður í starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Kynningin var haldin í fjórða sinn dagana 30. okt. til 2. nóv. 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þátttakendur voru 59. Valnefnd valdi þátttakendur.

Sýningin var mjög vel heppnuð árið 2009 og jöfn gæði sýningarinnar og fjölbreytni hefur aldrei verið meiri. Aðsókn var mjög mikil og fjölmiðlar sýndu sýningunni mikinn áhuga. Fjallað var um sýninguna á báðum sjónvarpstöðvum og í útvarpi og blöðum. Viðhorfakönnun var gerð hjá

sýnendum og var mikil ánægja með sýninguna. Sjá viðhorfakönnun á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR.

**Skúlaverðlaunin 2009** : Í annað sinn efnt til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í kynningunni í Ráðhúsinu. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta, frumkvöðul smáiðnaðar í Reykjavík og voru styrkt af Samtökum iðnaðarins eins og áður. Það var Fríða Jónsdóttir gullsmiður sem hlaut Skúlaverðlaunin 2009 fyrir nýja skartgripalínu sem nefndist „Fjölin hennar ömmu“. Sérstaka viðurkenningu valnefndar fengu Inga Elín fyrir verkið „Skeljar“ og Margrét Guðnadóttir fyrir verkið „Hnoðri“.



Frá afhendingu Skúlaverðlaunanna 2009

### Ketilhúsið Akureyri - kynning 2009

HANDVERK OG HÖNNUN skipulagði kynningu á handverk, hönnun og listiðnaði dagana 28. og 29. nóvember í Ketilhúsinu á Akureyri. Þar kynntu 13 aðilar vörur sínar. Þetta er í annað sinn sem HANDVERK OG HÖNNUN stendur fyrir viðburði sem þessum sem var skipulagður í samvinnu við Menningarmiðstöðina í Listagili og Akureyrarstofu.

### Bók um handverk og hönnun á Íslandi

Árin 2006 og 2008 gaf HANDVERK OG HÖNNUN út bók um handverk, hönnun og listiðnað á Íslandi. Markmiðið með útgáfunni er milliliðalaus kynning á einstaklingum sem starfa á þessu sviði á Íslandi. Bókinni er dreift endurgjaldslaust í öll almennings- og skólabókasöfn á landinu, allar ríkisstofnanir, mörg fyrirtæki, öll sveitarfélög, stéttarfélög, til ferðaþjónustuaðila, í sendiráð bæði íslensk og erlend og margir fleiri hafa fengið bókina til varðveislu. Bókin er jafnframt aðgengileg á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR á sérstöku svæði. Sjá bækur 2006 og 2008 á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR.

Allir einstaklingar sem vinna við handverk, hönnun og listiðnað, og eru með vörur í sölu allt árið annað hvort á vinnustofu eða öðrum sölustað/stöðum, geta sótt um skráningu í bókinni. Fagleg valnefnd fer yfir umsóknir og velur þátttakendur. Hver einstaklingur er kynntur á einni blaðsíðu í bókinni með mynd af einu verki og ítarlegum upplýsingum. Hver síða er einnig sérprentuð á góðan kortapappír í eitt þúsund eintökum. Áætlað er að næsta bók komi út 2010 og þar af leiðir hófst undirbúningur í árslok 2009.

## Erlent samstarf

- Framkvæmdastjóra HANDVERKS OG HÖNNUNAR var boðið að koma til Osló í ársbyrjun 2009 til fundar við samstarfsfólk á norðurlöndunum í Nordisk håndværksforum.
- HANDVERK OG HÖNNUN sá um að tilnefna fulltrúa Íslands á sýninguna *EUROPEAN ceramik CONTEXT 2006 og EUROPEAN glass CONTEXT 2008*. HANDVERK OG HÖNNUN hefur fengið boð um að tilnefna þátttakendur *EUROPEAN ceramik CONTEXT 2010*. Þetta er stór sýningarröð á Bornholm sem nýtur stuðnings Evrópusambandsins.
- HANDVERK OG HÖNNUN tók á móti þrettán manna hópi frá Bretlandi í september 2009 sem var undir leiðsögn Ann Jones. Hún stjórnar verkefni sem kallast ArtProjects and Solutions. Ferðin var hluti af verkefni sem heitir Forming Ideas – Curatorial Programme – International Visit to Norway and Iceland. Þetta voru 13 sýningarstjórar, sérfræðingar í handverki, hönnun og nútíma list. Ferðin var styrkt af Arts Council í Bretlandi. HANDVERK OG HÖNNUN tók á móti hópnum og skipulagði tveggja daga dagskrá þar sem fjölmargar vinnustofur voru heimsóttar.
- Framkvæmdastjóri fór til London á stærstu handverks og listiðnaðarsýningu Evrópu ORIGIN sem haldin er á hverju ári. Sýningin er mjög fjölsótt og sýnendur eru um 250. Heimsókn á sýningu af þessu tagi er mjög mikilvæg í starfi verkefnis. Fundað var með tveimur fulltrúum sem komu til Íslands í september sem voru hluti af hóp Ann Jones. Helga R. Mogensen íslenskur skartgripahönnuður var þátttakandi í sýningunni í London. Hún var með mjög fallegan bás og var landi og þjóð til sóma. Sjá heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR : <http://www.handverkoghonnun.is/islenska/gagnabanki/listamadur-manadarins/nr/92755/>

## Ferða – og verkefnasjóður

HANDVERK OG HÖNNUN styrkir starfandi handverks- og listiðnaðarfólk til að afla sér þekkingar í greininni, héraendis eða erlendis. Hugmyndin er að koma til móts við einstaklinga vegna náms og/eða ferðakostnaðar. Styrkjum er úthlutað af stjórn einu sinni á ári. Á árinu 2009 fengu tveir einstaklingar styrk úr sjóðnum.

## Sérstakt kynningarstarf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt íslenska hönnun og handverk í tímaritinu REYKJAVÍK LIVING sl. 7 ár. Árið 2009 var HANDVERK OG HÖNNUN með 6 síður í tímaritinu. Þessu tímariti er dreift á öll hótélherbergi í Reykjavík og stærri hótél úti á landi.



Fjórar af sex síðum HANDVERKS OG HÖNNUNAR í REYKJAVÍK LIVING 2009

## HANDVERK OG HÖNNUN í tölum 2009

Stofnfélagar sjálfseignarstofnunarinnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru	203
Fastir starfsmenn eru	2
Sýningar á skörinni Reykjavík	13
Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR Reykjavík	2
Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR úti á landi	5
Fjöldi sýningardaga HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu	169
Fjöldi þátttakenda í sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR	73
Fjöldi sýningargesta á árinu	15.000*
Heimsóknir á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR að meðaltali á mánuði	4.300
Fjöldi einstaklinga sem eru skráðir á póstlista	866
Fjöldi fréttabréfa HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu	88
Vinir á Fésbók	780
Kynningar á árinu (Reykjavík og Akureyri)	2
Fjöldi þátttakenda í kynningum	72
Fjöldi gesta á kynningum	15.000*
Samvinnuverkefni við Heimilisiðnaðarsafnið	1
Fjöldi gesta þar	4.000
Fjöldi sýningardaga þar	110

\* Áætlaðar tölur

## Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2010 verða:

Eftirfarandi verkefni eru áætluð á árinu 2010 en miðað við fjárveitingu ársins sem er um 18% lægri en áður er viðbúið að hætta verði við eitthvað ef þessum verkefnum ef viðbótarstyrkir fást ekki. Styrkur ársins dugar ekki fyrir launum og föstum kostnaði. Eftirfarandi verkefni eru áætluð .

- Bók um handverk og hönnun á Íslandi sem kemur út í maí/júní 2010
- Fréttabréf – 6-8 fréttabréf á mánuði til tæplega 1000 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar.
- Sýningar á skörinni, fjórtán sýningar og þar af fjórar sértengdar við önnur verkefni.
- Þemasýning
- hring eftir hring – sýningin sem opnaði á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi 2009 – unnið er að finna henni stað t.d. í Reykjavík eða Akureyri.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, október 2010 og sérstök kynning í fógetastofunum Aðalstræti 10.
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri, nóvember 2010.
- Jólasýning 2010, ný nálgun verður á jólasýningunni 2010. Allt nýir hlutir sem verða sérhannaðir fyrir jólasýninguna.
- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR viðhald og endurbætur

- Ýmis samvinnuverkefni t.d. Byggðastofnun, Vatnajökulspjóðgarð, nefnd til undirbúnings 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, Þorpið Austurlandi og ýmislegt fleira.
- Útgáfa á erlendu fréttabréfi, apríl 2010
- Samvinna við sýningarhaldara á Bornholm DK vegna þátttöku Íslendinga. Þátttakendur eru fjórir.

## Lokaorð

Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR hefur frá því að sjálfseignarstofnunin var stofnuð í ársbyrjun 2007 reynt að fá samning við menntamálaráðuneytið. Stjórn ákvað um mitt ár 2008 að fá óháða aðila til að gera heildarúttekt á starfi stofnunarinnar undanfarin ár sem lið í því verkefni. Stjórnin fól ráðgjafafyrirtækinu R3-Ráðgjöf ehf að meta stöðu stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur í starfsemi hennar og verkefninu í heild. Megin niðurstaða R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 fylgir árskýrslunni, *sjá fylgiskjal 7*. Stjórn og starfsmenn eru sammála niðurstöðu R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 að HANDVERK OG HÖNNUN sé í **„óviðunandi stöðu vegna óvissu um rekstrarfé og sess innan hins opinbera mennta- og atvinnuþróunarkerfis. Þeirri óvissu þarf að eyða með samningi við t.d. menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og þann sess sem henni er ætlaður. Sé tæki sem stjórnvöld eigi að styðja við og nýta sem hluta af stuðningskerfi við menningar- og atvinnugreinar landsins“**. HANDVERK OG HÖNNUN hefur undanfarin 14 ár notið fyrirgreiðslu stjórnvalda en leggur áherslu á að mikilvægt sé að starfseminni verði með samningi tryggt rekstarfé til lengri tíma t.d. til 3ja til 4ja í senn. Það er mjög mikilvægt í starfsemi að þessu tagi að grundvöllur sé traustur og samfella sé örugg í starfinu þannig að hægt sé að skipuleggja verkefni til framtíðar.

Reykjavík, 26. mars 2010

---

Sunneva Hafsteinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
HANDVERKS OG HÖNNUNAR